



2. júní 2023

Atmonia ehf.

Rannís
Rannsóknamiðstöð Íslands

Vorúthlutun Tækniþróunarsjóðs 2023

Reykjavík, Ísland –2. júní, 2023

Stjórn Tækniþróunarsjóðs hefur samþykkt að bjóða fulltrúum 84 verkefna sem sóttu um í sjóðinn á vormisseri að ganga til samninga um nýja styrki.

Í boði voru styrktarflokkarnir Fræ/Þróunarfræ, Sproti, Vöxtur/Sprettur og Markaðsþróun og Markaðssókn. Alls bárust 422 umsóknir og er árangurshlutfall styrktra verkefna sem hlutfall af innsendum umsóknum 20%. Haft verður samband við verkefnisstjóra þessara verkefna og þeir boðaðir til samningafundar.

Í þessari úthlutun er styrkveiting til nýrra verkefna 788 milljónir króna en þar sem verkefnin eru til allt að þriggja ára nemur heildarkostnaður vegna þeirra 1.440 milljónum króna.



Um styrkinn Markaðspróun

Atmonia hlaut styrkinn Markaðspróun frá Tæknipróunarsjóði Rannís í vor-úthlutun 2023 fyrir verkefnið „Notkun ammoníaks sem rafeldsneyti“.

Atmonia er að þróa rafefnafræðilegt ferli sem notar aðeins andrúmsloft, vatn og rafmagn til að framleiða umhverfisvænt ammoníak. Tæknin getur komið í veg fyrir allt að 5,5% af CO₂ losun af mannavöldum á heimsvísu. Áætlað er að vara byggð á tækninni komi á markað árið 2028 og er gert ráð fyrir að hún verði þá besti kosturinn til framleiðslu á umhverfisvænu ammoníaki. Umhverfisvænt ammoníak hefur hlotið aukinn meðbyr undanfarin 2-3 ár og er að verða helsti valkostur rafeldsneytis, til að leysa af hólmi jarðefnaeldsneyti fyrir skip og flugvélar. Varan verður því vel í stakk búin til að koma inná ört vaxandi markað fyrir rafeldsneyti eftir nokkur ár.

Styrkurinn sem Atmonia hlaut er fyrir markaðspróun og rannsóknir sem geta aukið innsýn á þróun nýs markaðar fyrir möguleika ammoníaks sem umhverfisvænt rafeldsneyti. Framkvæma þarf ítarlegar markaðsrannsóknir og auka samskipti við viðskiptavinum til að sannreyna markaðsmöguleikana. Áhersla verður lögð á þau svið þar sem búast má við mestu samkeppnisforskoti fyrir vöruna, til að vinna hratt upp markaðshlutdeild.

Um Atmonia

Atmonia er íslenskt sprotafyrirtæki sem þróa sjálfbært ferli fyrir ammoníakframleiðslu. Markmið Atmonia er að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda með nýrri tækni á sviði ammoníak- og níttrat framleiðslu. Tækni fyrirtækisins er bæði hagkvæm og umhverfisvæn og mun leggja mikið af mörkum í baráttunni gegn hlýnun jarðar. Ný tækni Atmonia mun framleiða ammoníak úr lofti og vatni og losa engar gróðurhúsalofttegundir, en núverandi ammoníak framleiðsluaðferð er ábyrg fyrir 1-2% af koltvísýringslosun af mannavöldum í heiminum

Fyrir frekari upplýsingar, sjá www.atmonia.com

Netfang: [atmonia\[at\]atmonia.com](mailto:atmonia[at]atmonia.com)